



Fundargerð

09. fundar stjórnar FRÍ föstudaginn 9. Janúar 2015 kl. 19:00
Í sal A á 3. hæð í Íþróttamiðtöðinni Laugardal

Mættir: Einar Vilhjálmsson, Jón H. Steingrímsson, Jónas Egilsson og Ingvar Hlynsson.
Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.

Formaður setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

1. Boðun fundar og fundargerð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun. Afgreiðslu fundargerðar frestað.
2. Fjármál FRÍ
 - 2.1. Staða á reikningum FRÍ, hreyfingalistar milli funda – óbreytt staða
 - 2.2. Kostnaðaráætlun FRÍ vegna RIG-mótsins (framkv.stj.) – samkvæmt áætlun
3. Umsókn um tilraunastyrk ÍSÍ vegna landsliðsmálefna 2015. Greinagerð (drög) var rædd þar sem m.a. er lögð áhersla á aukid samstarf yfirþjálfara sem eiga íþróttamenn í landsliðshópi FRÍ og samráð yfirþjálfarahóps og ÍÞA um landsliðsmálefni og afreksstefnu FRÍ. Formanni falið að vinna áfram að auknu samstarfi og samráði um skipan landsliðsmálefna. Framkvæmdastjóra falið að vinna með formanni að greinagerð fyrir ÍSÍ.
4. . Frjálsíþróttamót FRÍ á RIG 2015
 - 4.1. Sala auglýsinga á RIG – forgangsverkefni starfsmanna FRÍ fram til 17. janúar. Formaður áréttar brýna þörf á að efla fjáröflunarstarfið og falið að funda með Hjálmari Vilhjálmssyni og Sigmari Vilhjálmssyni og leggja línurnar um átak í fjáröflun fyrir RIG. Framkvæmdastjóra falið að vinna með sjálfboðaliðunum (HV og SV) og sinna áfram að eigin fjáröflun af krafti sem forgangsverkefni fram að mótinu.
 - 4.2. Framkvæmd RIG mótsins – staða mála. Framkvæmdastjóri tilgreindi að undirbúningur að framkvæmd mótsins gengi vel og væri í góðum höndum.
5. Fjárhagsáætlun 2015
 - 5.1. Keppnisferðir á vegum FRÍ – nánari kostnaðargreining (framkv.stj.) – frestaði til næsta fundar
 - 5.2. Þátttaka FRÍ á innanhúsmóti Norðurlandanna í Osló í feb. 2015. Fram kom hjá JE að FRÍ hefur ekki áður styrkt eða hlutast til um þátttöku landsliðsmanna á mótinu, en jafnframt að FRÍ geti tryggt íslenskum landsliðsmönnum þátttökurétt á mótinu í samráði við Dani. Formaður telur að mótið geti nýst landsliðsmönnum vel sem alþjóðlegt boðsmót og sérstaklega fyrir þá sem stefna að þátttöku á EM. Formanni falið að hafa samráð við yfirþjálfara íþróttamanna í landsliðshópi FRÍ og móta tillögu um mögulega þátttöku á mótinu í samráði við formann ÍÞA.